

Að lifa sem lærisveinn

Skírnin er aðeins upphaf hins nýja lífs sem lærisveinn Krists. Orðið „kristinn“ kemur aðeins þrisvar sinnum fyrir í Nýja testamentinu en orðið „lærisveinn“ er endurtekið meira en 260 sinnum. Hvað þýðir það að vera lærisveinn? Í þessu síðasta verkefni munum við rannsaka hvað Biblían kennir um þetta mikilvæga efni.

1. Hvað sagði Jesús að gerði okkur hæf til að vera lærisveinar hans? Jóhannes 8.31

Ath. Við þurfum að virða yfirrád Guðs í lífi okkar og lifa í hlýðni við orð hans. Við erum kölluð til að taka við orði hans og fylgja þeim í daglegu lífi hverjar svo sem afleiðingarnar kunna að vera.

2. Á Jesús að vera fyrirmynd okkar í öllu? 1 Pétursbréf 2.21

3. Hvert var viðhorf Jesú meðan hann gekk um hér á jörðu? Jóhannes 6.38

4. Hvað er átt við með því að skírast til Krists Jesú? Rómverjabréfið 6.3-4

5. Hvernig útskýrði Páll það að vera „krossfestur með Kristi“? Galatabréfið 2. 20

Ath. Alveg eins og Kristur gaf sig algjörlega á vald föðurins verðum við algjörlega að gefast Kristi. Við eigum að tengjast Jesú eins og vínviðurinn greinunum.

6. Hve oft á dauði eða dauði eða „sjálfsuppgjöf“ sér stað hjá lærisveininum?

Lúkas 9.23

Ath. Við þurfum að endurnýja samband okkar við Krist á hverjum degi. Nema því aðeins að við gefumst honum á virkan hátt mun „sjálfið“ vilja ná yfirhöndinni að nýju. Þetta er mjög nauðsynlegt fyrir samband okkar við Jesú!

7. Hvað þarf að eiga sér stað áður en hveitikornið fær borið mikinn ávöxt?

Jóhannes 12.23-26

30-2

Ath. Lífi sem lifað er í sjálfshyggju er lifað til einskis. Guð getur aðeins notað líf þess einstaklings sem helgar öðrum líf sitt í þjónustu. Sá sem er upptekinn af eigin þörfum og ánægju getur ekki verið sannur lærisveinn Guðs.

8. Hvað erum við hvött til að gera þegar við sjáum „daginn“ færast nær?

Hebreabréfið 10.25

9. Hluti af hvaða heild erum við öll sem lærisveinar? 1 Korintubréf 12.12-13, 27;

Rómverjabréfið 12.4-5

Ath. Alveg eins og höfuðið eða heilinn stjórnar sérhverjum hluta líkamans þannig þurfum við öll sem myndum líkama Krists að gefast og stjórnast af „höfðinu“ sem er Kristur.

10. Hvað eigum við að kappkosta að gera? Efesusbréfið 4.3-6

11. Hve mörg okkar öðlast andlegar gjafir frá Kristi? Efesus 4.7-8

12. Hvaða aðrar gjafir öðlumst við í líkama Krists? Rómverjabréfið 12.6-8

13. Hver er tilgangur þessara gjafa þjónustunnar í kirkjunni? Efesusbréfið 4.11-12

Ath. Við höfum öll hlutverki að gegna við að byggja upp kirkju Guðs. Guð hefur gefið hverjum og einum sérstaka gjöf til að nota. Það er ekki vilji Guðs að fáeinir beri alla ábyrgð kirkjunnar en aðrir enga.

14. Hver eru þrjú þroskamarkmið kirkju Krists? Efesusbréfið 4.13

a. _____

b. _____

c. _____

15. Hvaða hlutverk hafa allir lærisveinar Krists burtséð frá hæfileikum þeirra og gjöfum? Matteus 28.19-20

Ath. „Kærleikur til manna, sem Kristur dó fyrir, táknar krossfestingu sjálfsins. Sá sem er barn Guðs á frá þeirri stundu að líta á sjálfan sig sem hlekk í Keðjunni sem látin er síga niður til að frelsa heiminn, hann á að sameinast Kristi í miskunnaráformum hans og ganga fram ásamt honum við að leita að og bjarga þeim sem glataðir eru. Kristinn maður á alltaf að vera sér þess meðvitandi að hann hefur helgað sig Guði og að með lyndiseinkunn sinni á hann að opinbera heiminum Krist. Sjálfsfórinn, samúðin og kærleikurinn, sem fram kom í lífi Krists, á að birtast að nýju lífi þess sem starfar fyrir Guð.“

Þrá aldanna, bls. 311

16. Hvert er leyndarmál þess að lifa sem lærisveinn? Hebreabréfið 12.1-3

Ath. Leyndarmálið er að beina ætíð augum að Kristi. Það gerum við með því að biðja til hans, lesa orð hans og samstarfa með Heilögum anda í lífi okkar. Sá sem er að missa móðinn ver – nær alltaf – ekki tíma í einrúmi með Kristi.

Samantekt: Lærisveinn er sá sem gefist hefur Kristi á vald og leiðir aðra til að gera hið sama. Forgangur hans er að leita Guðs og þjóna honum. Guð vill að við þjónum og uppörvum hvert annað í trúnni og hann hefur gefið einum og sérhverjum sérstakar andlegar gjafir til að hjálpa við að byggja upp kirkjuna. Guð óskar þess að við varðveitum einingu kirkjunnar, því það er fyrir áhrif hennar að Guð vinnur að frelsun annarra. Sem fulltrúar hans erum við kölluð til að elska og þjóna öðrum. Það er hin æðsta köllun.

Svör við nr. 30

Spurning 1 – Að fylgja kenningu hans

Spurning 2 – Já

Spurning 3 – Hann kom til að gera vilja föður síns, ekki sinn eigin

Spurning 4 – Við erum skírð til dauða Krists

Spurning 5 – Hann sagðist ekki lifa lengur heldur lifði Kristur í sér

Spurning 6 – Daglega

Spurning 7 – Það þarf að deyja

Spurning 8 – Við eigum ekki að vanrækja safnaðarsamkomur

Spurning 9 – Líkama Krists

Spurning 10 – Að varðveita einingu andans í bandi friðarins

Spurning 11 – Við öll

Spurning 12 – Spádómsgáfu, gjöf þjónustu, kennslu, hvatningu, örlæti, stjórnun og miskunnsemi

Spurning 13 – Svo að líkami Krists megi uppbyggjast

Spurning 14 – a. Að allir verði einhuga í trúnni
b. Eignast þekkingu á syni Guðs
c. Öðlast þroska og ná vaxtartakmarki Krists fyllingar

Spurning 15 – Fara og gera allar þjófdir að lærisveinum, skíra þær og kenna þeim allt það sem Guð hefur boðið okkur

Spurning 16 – Að horfa stöðugt til Jesú